



Dýrafjarðargöng

Samningur við verktaka, Metrostav a.s. og Suðurverk hf, undirritaður 20. apríl 2017.
Samningsupphæð kr 8.687.208.000,-

Samningur við eftirlit, Geotek ehf og Efla hf, undirritaður 17. maí 2017.
Samningsupphæð kr 342.994.000,-

Lengd ganga í bergi er áætluð 5.301 m, vegskálar 144 m og 156 m eða samtals 300 m. Heildarlengd ganga með vegskálum er áætluð 5.601 m. Hæð vegskálaenda er 35 m y.s. í Arnarfirði og 67 m y.s. í Dýrafirði. Gólf í göngum fer mest í 90 m y.s. í miðjum göngunum og er mesti lengdarhalli 1,5%. Þversnið er samkvæmt norskum reglum og nefnist T8, breidd þess er um 8,0 m í veghæð, þverskurðarflatarmál 53 m².

Í göngum eru 10 útskot, þar af fjögur snúningsútskot. Inni í göngunum eru 4 steipt tæknirými og 2 lítil fjarskiptahús utan ganga. Göngin eru malbikuð með steiptum upphækkuðum öxlum.

Nýr vegur verður byggður beggja vegna gangamunna. Nýir vegir eru u.þ.b. 3 km Arnarfjarðarmegin og 4,8 km Dýrafjarðarmegin, samtals um 7,8 km auk tenginga. Vegurinn verður 8 m breiður með 7 m akbraut.

Rafmagnsbúnaður og öryggisbúnaður er fjölþættur, mest af búnaðinum er í 4 tæknirýmum meðal annars 4 spennistöðvar. Símaskápar eru einu skáparnir sem festir eru á vegg ganga, allir aðrir rafbúnaðarskápar eru í tæknirýmum. Loftræsiblasarar 1 m í þvermál, eru 16 og eru tveir og tveir saman á 4 svæðum við tæknirýmin inni í göngunum.

Í göngin skal leggja háspennukapla 3 einleiðara fyrir 132 kV spennu. Þetta er gert fyrir Landsnet, en Vegagerðin kemur sem verkkaupi fram fyrir hönd Landsnets í verkinu.

Í tengslum við vegagerð að göngum þarf að byggja nýjar brýr á Mjólka (14 m) og Hófsá (16 m). Einnig þarf að byggja bráðabirgðabru á Hófsá.

Helstu magntölur verksins eru:

Gröftur í göngum	312.000 m ³
Fylling	580.000 m ³
Burðarlag	90.000 m ³
Rofvörn	13.000 m ³
Boltar	28.000 stk
Sprautusteypa	14.000 m ³
Einangrunarklæðing	50.000 m ²
Steypa	3.200 m ³
Jarðvatns- og ofanvatnslagnir	18.400 m
Ídráttarrör	45.000 m
Rafstrengir	74.000 m
Ljósleiðandi strengir	12.400 m
Upplýst umferðarmerki	83 stk

Verkinu skal að fullu og öllu lokið eigi síðar en 1. september 2020.

Vinna á verkstað hófst um miðjan júní, fyrst aðstöðusköpun og upp úr því vinna við forskeringu. Umhverfismat er frá árinu 2013.